Fundargerð

Fundur um sjúkraflutningamál í Rangárvallasýslu

fundur haldinn 2. apríl 2009 kl. 12:00 á Hellu.

Mættir: Frá Rangárþingi eystra; Unnur Brá Konráðsdóttir, Ólafur Eggertsson, Elvar Eyvindsson, Haukur G. Kristjánsson, frá Ásahreppi Eydís Indriðadóttir, og frá Rangárþingi ytra; Þorgils Torfi Jónsson, Ólafur E. Júlíusson, Helga Fjóla Guðnadóttir, Sigurbjartur Pálsson, Ingvar Pétur Guðbjörnsson og Örn Þórðarson sem ritar fundargerð.

Farið yfir hugmyndir stjórnar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSu) um skerta þjónustu varðandi sjúkraflutninga í Rangárvallasýslu.

Sveitarstjórnir Rangárþings eystra, Rangárþings ytra og Ásahrepps árétta fyrri ályktanir um rekstur sjúkrabifreiða:

„Í ljósi þess að Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur ákveðið að leggja til við heilbrigðisráðherra að draga úr öryggisþjónustu við íbúa Rangárvallasýslu með því að leggja niður vakt sjúkrabifreiðar á Hvolsvelli um helgar og eftir kl. 16:00 virka daga, vilja sveitarstjórnir í Rangárvallasýslu mótmæla harðlega þeim hugmyndum.
Er hér ekki einvörðungu um að ræða að sjálfsögð þjónusta við íbúa sýslunnar yrði stórlega skert, heldur væri öryggi allra íbúa og gesta sýslunnar sett í uppnám. Ef heilbrigðisráðherra samþykkir þessa tillögu mun hann um leið gera íbúa og gesti Rangárvallasýslu að 2. flokks borgurum. Slíkt geta sveitarstjórnir í Rangárvallasýslu aldrei sætt sig við og fordæma því þessar tillögur HSu.

Það er krafa sveitarstjórna í Rangárvallasýslu að vakt sjúkrabifreiðar sé til staðar í Rangárvallasýslu allan sólarhringinn allt árið um kring. Hér er um að ræða grunnþjónustu sem hinu opinbera ber að standa vörð um. Það eru mannréttindi, en ekki forréttindi, að hafa greiðan aðgang að sjúkrabifreið.

Skora sveitarstjórnir í Rangárvallasýslu á stjórnendur HSu að draga tillöguna til baka. Jafnframt skora sveitarstjórnir á heilbrigðisráðherra að tryggja Rangæingum þau sjálfsögðu mannréttindi að geta treyst á það öryggisnet sem nálægð sjúkrabifreiðar er."

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 13:00

Eydís Þ. Indriðadóttir
Sigurbjartur Pálsson
Ingvar P. Guðbjörn
Unnur Brá Konráðsdóttir
Þorgils Torfi Jónsson
Ólafur Eggertsson
Elvar Eyvindsson
Haukur G. Kristjánsson
Ólafur E. Júlíusson
Helga Fjóla Guðnadóttir